ORKUSTOFNUN

# Jarðgrunnskönnun í Seljahverfi

Björn A. Harðarson, Björn Jónasson

Greinargerð BAH-BjJ-86-02

ORKUSTOFNUN
VATNSORKUDEILD
1986-11-26

Greinargerð
BAH/BjJ-86/02

---

GREINARGERÐASAFN

# JARÐGRUNNSKÖNNUN Í SELJAHVERFI

Björn A. Harðarson
Björn Jónasson

Unnið fyrir Borgarverkfræðing

Nóvember 1986

Þriðjudaginn 25. nóvember 1986 var gerð könnun á þykkt og gerð jarðgrunns á byggingarlóð á mótum Jaðarsels og Jöklasels í Reykjavík. Verkkaupi er byggingardeild Borgarverkfræðings og verkbeiðandi Jóhannes Benediktsson.

Alls voru boraðar sex holur með Cobrabor (H-1 til H-6) og eru staðsetningar þeirra sýndar á meðfylgjandi uppdrætti. Ómerktir tréhælar voru reknir niður til að auðkenna holustæðin. Bordýpi, dýpi á vel burðarhæft lag og athugasemdir eru í eftirfarandi töflu:

| Holunúmer | Bordýpi (m) | Dýpi á burðarhæft lag | Athugasemdir |
|---|---|---|---|
| H-1 | 10,2 | 6.0 | Stopp |
| H-2 | 8,1 | 7.0 | Hætt, sama hæð og H-1 |
| H-3 | 3,7 | 3.0 | Stopp, ca. 1 m lægra en H-1 |
| H-4 | 5,8 | 5.0 | Hætt, ca. 0,2 m lægra en H-1 |
| H-5 | 3,6 | 3.0 | Hætt, ca. 1,3 m neðar en H-1 |
| H-6 | 6,5 | 6.0 | Hætt, svipuð hæð og H-1 |

Meðfylgjandi borlínurit sýna fyrirstöðu í jarðgrunninum. Engin holanna náði niður á klöpp svo óyggjandi sé. Efstu metrarnir í öllum holunum eru í moldarblöndnum jarðvegi og líklega einnig í lausu efni úr húsgrunnum í kring. Þar fyrir neðan er laus og veðruð mórena og loks er stíf og samlímd mórena neðst í öllum holunum (burðarhæft lag). Í fyrstu og dýpstu holunni (H-1) var komið niður á þetta stífa lag á 6 m dýpi og var þjösnast rúmlega 4 m niður í það (á 10,2 m dýpi). Þar var fyrirstaðan orðin það mikil að borinn gekk nánast ekkert niður. Á borlínuriti holu H-1 sést að þetta lag er greinilega lagskipt. Dýpi á þetta stífa mórenulag er misjafnt en minnkar til norðvesturs og grynnst var á það í H-3 og H-5 (3,0 m).

Ef þér óskið frekari upplýsinga eða athugana þá vinsamlegast látið vita.




25.11.1986
STAÐSETNING BORHOLA

Móttekið 29/10 '86 / M.S.S.

## GATNAMÁLASTJÓRINN Í REYKJAVÍK

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Mælt | | | Kvarði | Gatna- og holræsadeild |
| Teikn | okt. '86 | RG. | 1:1000 | Jöklasel / Jaðarsel |
| Gata | | | | |
| Ræsi | | | | |
| Gata samp. | | Ræsi samp. | | |

VOD-MJ-8963-BAH
86.11.1022 T




# JAÐARSEL – JÖKLASEL

Borholusnið